

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtök Íslands hafa með vísan til 30. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og greinar 6.2 í samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar frá 25. janúar 2007, orðið sammála um eftirfarandi:

BREYTINGU

á samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar frá 25. janúar 2007, með breytingu frá 18. apríl 2009.

Árleg framlög samkvæmt 4. gr. samningsins fyrir árin 2013 til 2017 verða 4.477,0 m.kr. á ári, á verðlagi ársins 2012, en taka árlegum breytingum í samræmi við verðlagsuppfærslu fjárlaga. Ef þróun meðaltalsvísitölu neysluverðs (meðaltal ársins) verður önnur en verðlagsforsendur fjárlaga á árinu, skal mismunurinn leiðréttur í fjárlögum næsta árs.

Í töflu í 4. gr. bætast þá við 2 ár, 2016 og 2017.

Grein 4.4 verður svohljóðandi: Ráðstöfun fjár vegna markaðsstarfs og birgðahalds er í umsjón Bændasamtaka Íslands. Fjármunum skal varið til eftirfarandi verkefna:

1. 5,35% af árlegu framlagi skulu renna til endurræktunar og jarðræktar (kr. 20.437.000.- skv. fjárlögum 2012).
2. 94,65% af árlegu framlagi skal deilt niður á allt framleitt kindakjöt, (kr. 361.563.000.- skv. fjárlögum 2012) bæði innlagt og heimtekið. Greiðsla skal fara fram í febrúar ár hvert. Miða skal við framleiðslumagn eins og það var almanaksárið áður en greiðsla fer fram.

Bændur sem skorið hafa niður fjárstofn sinn vegna riðuveiki skv. ákvæðum reglugerðar nr. 651/2001 skulu jafnframt njóta greiðslna skv. lið 2 í samræmi við það innlegg sem þeim er áætlað samkvæmt ákvæðum 13. greinar reglugerðarinnar um afurðatjónsbætur. Bæta skal áætluðu innleggi þeirra við heildarframleiðslumagn kindakjöts áður en fjárhæðinni er deilt niður.

Á eftir grein 6.5 bætist við ný grein, 6.5 A sem orðast svo: „Samningur þessi er gerður með fyrirvara um hugsanlega breytingar á þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands sem kunna að leiða af niðurstöðum samningaviðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu.“

Í stað orðanna „31. desember 2015“ í grein 6.6 kemur „31. desember 2017“.

Reykjavík, 28. september 2012.

F.h. ríkisstjórnar Íslands




Steingrímur J. Sigfússon
atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra


F.h. Bændasamtaka Íslands



Haraldur Benediktsson



Oddný G. Harðardóttir
fjármála- og efnahagsráðherra



Þórarinn Ingi Pétursson

Af hálfu ríkisstjórnarinnar er samningur þessi undirritaður með fyrirvara um nauðsynlegar lagabreytingar.

Með fyrirvara um samþykki í atkvæðagreiðslu meðal bænda.